



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [sveitarstjori@myv.is](mailto:sveitarstjori@myv.is)

## Landbúnaðar- og girðinganefnd

### 7. fundur.

Fundur haldinn í Landbúnaðar- og girðinganefnd 7. janúar 2016 kl: 13:00.

Mættir: Böðvar Pétursson, Halldór Árnason, Sólveig E. Hinriksdóttir

Dagskrá:

1. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Landbótaáætlun 2015 – 2024  
Til fundarins mættu Egill Freysteinnsson og Birgir Hauksson, og einnig fulltrúi Landgræðslunnar Daði Lange.  
Farið yfir áætlunina sem gerð var í fyrra og athugasemdir sem bárust frá Landgræðslunni, áætlunin betrubætt og löguð til. Böðvari var falið að vinna áfram í áætluninni, og kalla svo til fundar þegar áætlunin verður tilbúin.  
Egill og Daði fóru af fundi.
3. Veggirðingar í Skútustaðahreppi  
Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að sótt verði um til Vegagerðarinnar vegna veggirðinga í Grímsstaðalandi.  
Girt verði með veginum frá Reykjahlíðargirðingu v/Flatskalla og í landgræðslugirðingu á Hólasandi að norðanverður og frá túnnum á Miðási að merkjagirðingu milli Grímsstaða og Ytri-Neslanda að sunnan og vestanverðu. Þessi girðing verði girt á vordögum 2016, ella verði sett ristarhlið á merkjum Grímsstaða og Ytri-Neslanda.
4. Bréf frá héraðsdýralækni dags. 10. des 2015 vegna Skjálfandahólfs. Þar kemur fram að tuttugu ár eru frá því að riðuveiki greindist í hólfinu. Héraðsdýralæknir hyggst skilgreina svæðið sem ósýkt svæði. Nefndin gerir ekki athugasemdir við erindið

Fleira ekki gert og fundi slitið kl: 15:30

Böðvar Pétursson  
Birgir V. Hauksson  
Halldór Árnason  
Sólveig E. Hinriksdóttir

Egill Hauk  
Halldór Á.  
Sólveig E. Hinriksd.  
Böðvar P.